

Nd. 129. Frumvarp til laga [107. mál]

um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka erlent lán, að fjárhæð allt að 1 400 m.kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt.

2. gr.

Af lánsfjárhæðinni skulu 800 m.kr. endurlánaðar Framkvæmdasjóði Íslands í samræmi við framkvæmdaáætlun en að öðru leyti skal henni ráðstafað skv. gildandi lagaheimildum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að fyrir dyrum standi að taka erlent lán til þeirra framkvæmda, sem ráðgerðar hafa verið í samræmi við framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar árið 1973, og vegna kaupa á skuttogurum. Heimildir til slíkrar lántöku eru í ýmsum lögum en vegna lánsútboðs er talið nauðsynlegt að sameina þær heimildir í eina löggjöf og samræma fyrirhuguðu lánsútboði. Markaður til þessarar lántöku hafi verið óstöðugur undanfarið, en sé nú talinn með hagstæðara móti og ekki hættandi á að draga lántökuna. Því beri bryna nauðsyn til að afla þegar í stað fullnægjandi lagaheimilda til lántökunnar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka erlent lán, að fjárhæð allt að 1 400 m.kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt.

2. gr.

Af lánsfjárhæðinni skulu 800 m.kr. endurlánaðar Framkvæmdasjóði Íslands í samræmi við framkvæmdaáætlun en að öðru leyti skal henni ráðstafað skv. gildandi lagaheimildum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört á Tjörn í Svarfaðardal, 18. september 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.